

Stjórnarfundur STEFs 4. maí 2021

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs þriðjudaginn 4. maí 2021 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjórinn fundinn. Þórunn Gréta Sigurðardóttir tengdist fundinum með fjarfundarbúnaði.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 20. apríl sem og útdráttur úr fundargerð lögð fram til samþykktar.

Fundargerðin og útdrátturinn voru samþykkt með minniháttar orðalagsbreytingum.

2. Ársskýrsla STEFs lögð fram til kynningar.

Lögð voru fram drög að ársskýrslu STEFs og var hún samþykkt af hálfu stjórnar. Óskaði stjórn þó sérstaklega eftir því að upplýsingar um kynjagreiningu STEFs væru í skýrslunni.

3. Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu. Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi, mætti á fundinn og kynnti helstu lykiltölur ársreikningsins. Var ársreikningurinn að því loknu samþykktur athugasemdarlaust og undirritaður af stjórn.

Helstu niðurstöður ársreikningsins eru þær, að tekjur STEFs hækka um 2% á milli ára, voru 855 millj. Þessa góðu niðurstöðu má rekja aðallega til stórrar eingreiðslu frá Netflix vegna áranna 2016-2020, sem og hækkunar í erlendum tekjum og af streymi almennt. Vert er þó að geta þess, að nær allar tekjur frá Netflix tilheyra erlendum höfundum.

Að öðru leyti markaðist ársreikningurinn mjög af áhrifum heimsfaraldursins. Tekjufall varð mjög mikið í ákveðnum flokkum, eða um 20% í innlendum flutningsréttartekjum, en mestu munar þó um 79% tekjufall fyrir tónleika og um 34% hjá veitingastöðum. Einnig er mikið tekjufall vegna dansleikja og mannfagnaða, sem og hjá kvikmyndahúsum. Þá er tekjufall einnig í liðunum, hótél og gistihús, sem og verslunum. Fyrirséð er að þetta tekjufall hafi mikil áhrif á úthlutun til innlendra aðila á þessu ári.

Rekstrarkostnaður lækkaði nokkuð, einnig vegna áhrifa heimsfaraldursins, svo sem vegna ferðalaga og fundahalda, auk þess sem aðhalds hefur verið beitt í rekstri.

4. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2021. Guðmundur Þór Guðjónsson, sölu- og innheimtustjóri, kom sem gestur á fundinn og kynnti fjárhagsáætlunina.

Fjárhagsáætlunin sýnir að tekjur á árinu 2021 verða mjög svipaðar og á árinu 2020. Innlendar flutningsréttartekjur munu hækka, þótt þær nái ekki því sem þær voru á árinu 2019, en á móti

munu erlendar flutningsréttartekjur lækka nokkuð, enda lítið um tónleika erlendis vegna heimsfaraldursins. Þá munu tekjur frá tónlistarveitum lækka verulega vegna áhrifa eingreiðslu Netflix, sem kom inn á árinu 2020 og fyrr var getið.

Eftirfarandi mál var sérstaklega minnst á:

- i. Vinna KPMG fyrir STEF varðandi starfslýsingar og starfssvið.
- ii. Afhending styrkja.
- iii. Fyrirhuguð afhending Langspilsins.

5. Sjálfsmat stjórnar skv. starfsreglum.

Stjórn skal á síðasta fundi fyrir aðalfund Fulltrúaráðs STEFs leitast við að leggja mat á árangur samtakanna í heild, sem og eigin störf, þ.m.t. eigið verklag og starfshætti, sem og störf framkvæmdastjóra.

Niðurstöður sjálfsmats 2021 voru lagðar fram og kynntar af Braga Valdimar. Í þessu sambandi var rætt um að þörf væri á að skoða aftur niðurstöður stefnumótunar stjórnar frá því fyrir ári síðan og verður það sett á dagskrá næsta fundar.

6. Tilnefning í stjórn SUT (Styrktarsjóður samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns).

Ákveðið var að tilnefna Úlfar Inga Haraldsson í stjórn SUT í stað Gunnars Þórðarsonar, sem hefur óskað eftir að láta af störfum fyrir SUT. Eru honum þökkúð störf sín í þágu styrktarsjóðsins.

7. Framlenging verðskrár fyrir streymistónleika.

Samþykkt var að framlengja verðskrána til loka árs 2021. Á þeim tímapunkti ætti tónleikahald vonandi að vera komið í eðlilegar skorður og verður verðskráin þá endurskoðuð.

8. Undirbúningur fulltrúaráðsfundar 8. maí 2021.

Farið var yfir skipulag fundarins.

9. Önnur mál.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:15.